

Fundur hjá Rótarýklúbb Kópavogs, þriðjudaginn 1. október 2019.

Fundurinn var 7. fundur starfsársins og fundur nr. 2910 frá upphafi. Fundurinn var í umsjá Þjóðmálanefndar og haldinn í Café Catalina, kl. 17:30. Á fundinn mættu 20 félagar sem gerir 69% mætingahlutfall. Gestur var einn, Ástríður Pálsdóttir.

Forseti setti fund kl. 17:50 og las ljóðið „Kveðja til strokuhests“ úr ljóðabókinni „Skepnur eru vitlausar í þetta“ eftir Eyþór Árnason. Hann minnti féлага á Umhverfisping 11. og 12. október n.k. og heimsókn umdæmisstjóra, Önnu Stefánsdóttur og aðstoðarumdæmisstjóra Guðlaugu Birnu Guðlaugsdóttur á næsta fund.

Bolli Magnússon flutti 3ja mínútna erindi. Bolli flutti frá Súðavík 1951 til Reykjavíkur. Amma hans bauð ömmubörnunum sínum í Þjóðleikshúsið tvisvar á ári næstu árin. Bolli heillaðist sérstaklega af einu verki þar sem kvæðið „Sálin hans Jóns míns“ eftir Davíð Stefánsson var flutt af mikilli innlifun. Svo heillaður var Bolli af flutningnum að hann lærði kvæðið og flutti það, nánast hnökralaust og af mikilli innlifun við lófaklapp fundarmanna.

Sigurjón Sigurðsson formaður Þjóðmálanefndar flutti erindið „Hvernig bæklingalækningar urðu til“. Það voru aðallega rakarar sem sinntu þessum málaflokki áður en læknaþróun lækningar á þessu sviði. Fyrstu svið lækninga fólst aðallega í að aflima vegna áverka eða dreps. Seinna voru þróaðar spelkur og gervilimir. Reynslan kenndi mönnum að forðast aflimum eða inngríp vegna hættu á sýkingum. Beinbrot voru sett saman af mikilli nákvæmni og holdsár saumuð. Sýklalyfin voru miklir áhrifavaldar í greininni til hins góða. Þróun er mikil í gerð allskonar skrúfa, pinna og málmhluta til að setja saman beinbrot og stoðvirki. Speglnun er mikilvæg aðferð til að kanna skemmdir í liðum og lagfæra með smágerðum áhöldum sem notuð eru í sömu göt og við speglunina. Gerviliðaaðgerðir þróuðust, fyrst mjaðmaliðir, seinna hnéliðir og axlaliðir. Lítil árangur hefur náðst við olnboga- og ökkliði enn sem komið er. Meðal endingartími á hnéliði er í kringum 10 ár. Endurnýjunarþörf fer minnkandi. Engin hámarksaldur er á sjúklingi til að fá aðgerð. Slík aðgerðarþörf er læknisfræðileg ákvörðun.

Helgi Sigurðsson sagði frá aðgerð sem var gerð á brjóstakassa tveggja ungra kvenna eftir krabbamein í rifum. Þar var rifbeinum skipt út fyrir nákvæma tölvugerð af rifbeinum úr títaníum. Hver hefði trúað því að Össur hf. smíðaði bestu gervilimi í heiminum. Þetta eru kraftaverkalækningar og ótrúleg læknisfræði og hver hefði trúað því að íslenskir læknaþróun hefðu framkvæmt aðgerðina á brjóstakassa þessara tveggja kvenna sem hafa það gott í dag. Þetta eru auðvitað meistarastykki.

Til máls tóku: Jón Sigurðsson, Eiríkur Jón Líndal, Friðbert Pálsson, Bolli Magnússon, Helgi Sigurðsson, Ásgeir Jóhannesson, Ólafur Wernersson, Jón Emilsson og Jóhann Árnason.

Farið var með fjórprófið og forseti sleit fundi kl. 18:50.